




1. Hver gerir hvað? Hvað finnst þeim skemmtilegt að gera?




H2.42-H2.45

Hlustaðu og skrifaðu rétt númer við rétta mynd



- 1) Ég heiti Lien og ég er 23 ára. Ég hef áhuga á tónlist og tölvum. Mig langar að fara í nám og læra meira um tölvur. Ég fer oft um helgar út með vinum mínum í keilu eða að dansa. Stundum förum við saman í sumarbústað og höfum það gott, eldum saman og förum í heita pottinn. Ég vinn á kassa í matvöruverslun og það er alltaf rosalega mikið að gera milli klukkan fimm og átta á föstudögum.
- 2) Ég heiti Pawel og ég er 28 ára. Ég er búinn að búa á Íslandi í fimm ár. Ég er nýbúinn að kaupa mér mótorhjól og mér finnst skemmtilegast að gera við hjólið mitt. Ég hef líka áhuga á flottum bílum og fer stundum á bílasölur að skoða bíla. Ég vinn í póstinum og keyri út pakka og bréf allan daginn í vinnunni. Mér finnst gott að fara í sund og synda 500 metra eftir vinnu. Ég og kærastan mín leigjum saman en okkur langar að kaupa íbúð.
- 3) Ég heiti Yelena. Ég vinn á hjúkrunarheimili og hjálpa gamla fólkinu að borða og klæða sig. Ég er ekki að vinna núna. Ég er heima í fæðingarorlofi. Litla dóttir mín er fimm mánaða en eldri dóttir mín er sex ára. Hún er byrjuð í skóla og ég hjálpa henni að lesa og skrifa á hverjum degi. Ég lærði viðskiptafræði í Úkraínu og mig dreymir um að stofna fyrirtæki á Íslandi. Ég bý á Akureyri og mér finnst mjög gaman að fara á skíði á veturna. Ég hef áhuga á íþróttum og spila líka badminton með vinkonum mínum.
- 4) Ég heiti Abdel og er 45 ára. Ég vinn í fatahreinsun með konunni minni. Ég vinn líka aukavinnu á kvöldin á veitingastað. Ég er góður kokkur og mér finnst skemmtilegt að elda góðan mat. Íslenskum vinum mínum finnst maturinn minn stundum of sterkur! Á sumrin fer ég oft að veiða. Ég elska að veiða á stöng og ég á þrjár veiðistangir. Ég og konan mín ætlum að fara til Tyrklands næsta sumar. Okkur langar að hitta alla fjölskylduna og skemmta okkur í sól og hita. En það er mjög dýrt að fljúga og við erum að safna pening fyrir ferðinni.



Hvað **langar þig** að gera í kvöld?

Hvað **langar hann** að læra?

Hvað **langar hana** að læra?

Hvað **langar ykkur** að gera?

Ég hef áhuga á íþróttum, en þú?

Hann hefur áhuga á mótörhjólum.

Mig langar að fara í bíó.

Hann langar að læra að fljúga.

Hana langar að læra á tölvur.

Okkur langar að flytja til Noregs.

Ég hef áhuga á bílum.

Hún hefur áhuga á tölvum.

1.1 Tölum saman!



- Hvað finnst þér skemmtilegt að gera á veturna?
- En hvað gerir þú oft á sumrin?
- Hvað langar þig að gera um næstu helgi?
- Hefur þú áhuga á íþróttum?
- Á hverju hefur þú áhuga?
- Átt þú veiðistöng?
- Borðar þú oft sterkan mat?
- Safnar þú peningum?



1.2 Áhugamál Arons og Suphit



H2.46

Aron og Suphit búa saman. Þau eiga heima í Grafarvogi í Reykjavík. Aron er sjómaður en Suphit er verkstjóri í eldhúsi á spítala. Þau hafa ólík áhugamál. Aron hefur áhuga á stórum jeppum og honum finnst mjög gaman að fara í jeppaferðir og ganga á fjöll. Suphit finnst skemmtilegt að versla og henni finnst spennandi að fara til útlanda og sjá nýja hluti. Henni finnst líka gaman að syngja karaókí með vinkonum sínum. Aron þolir ekki karaókí og honum finnst þreytandi að fara í búðir. Suphit langar aldrei að fara í jeppaferðir og henni finnst erfitt að ganga á fjöll! Þeim finnst samt báðum skemmtilegt að spila golf og spila oft golf á sumrin.



1.3 Merktu við rétta fullyrðingu



- Aron hefur áhuga á karaókí. jeppum. að versla.
- Suphit finnst erfitt að fara til útlanda. keyra í jeppa. fara í fjallgöngu.
- Suphit finnst gaman að spila golf. spila á spil. fara í útilegu.
- Aroni finnst skemmtilegt að fara í búðir. syngja karaókí. ganga á fjöll.
- Aroni finnst þreytandi að fara til útlanda. spila golf. að versla.

Hvað finnst þér **þreytandi**?

Hvað finnst þeim **erfitt**?

Hvað finnst ykkur **spennandi**?

Á hverju hefur þú **áhuga**?

Mér finnst **þreytandi** að bíða í röð.

Að bíða í röð.

Þeim finnst **erfitt** að læra íslensku.

Læra íslensku.

Okkur finnst **spennandi** að hitta nýtt fólk.

Að hitta nýtt fólk.

Ég hef áhuga á tölvum og tónlist.

Tölvum og tónlist.

1.4 Tengdu rétt saman



1. Ég hef áhuga á íþróttum, og synda og fara í heita pottinn.
2. Honum finnst gott að fara í sund af því að okkur finnst gott að ganga úti.
3. Við förum oft í fjallgöngur og skoðar oft bíla á bílasölum og á netinu.
4. Þau hafa áhuga á garðrækt og kann að búa til heimasíður á netinu.
5. Hann hefur áhuga á bílum og rækta mikið grænmeti.
6. Ég elska klassíska tónlist og veiðir fisk á stöng.
7. Hún hefur áhuga á tölvum sérstaklega handbolta og fótbolta.
8. Hann hefur áhuga á veiði að fara í frí til Tyrklands.
9. Langar þig að læra og spila bæði á píanó og gítar.
10. Mig dreymir um að spila golf í sumar?

1.5 Tölum saman!

- a) Finnst þér skemmtilegt að spila golf?
- b) Ferðu stundum í sund?
- c) Hvað finnst þér þreytandi? *Mér finnst ...*
- d) En hvað finnst þér erfitt að gera?
- e) Hvað finnst þér spennandi?
- f) Langar þig að ganga á fjöll um næstu helgi? *Já, mig langar.../Nei, mig langar ekki ...*



Hvað segir Fríða frænka?

Á Íslandi eru mörg fjöll, líka eldfjöll og jöklar.
Stundum verða eldgos á Íslandi.



Eldgos

1.6 Skrifaðu eða segðu frá sjálfum/sjálfri þér Prófaðu að nota þessar setningar:



Mér finnst skemmtilegt að .../leiðinlegt að .../spennandi .../þreytandi .../erfitt ...

Ég hef áhuga á ...

Mig langar að ...

Mig dreymir um ...

2. Í hvernig skapi ertu?



Hann er í **góðu skapi**.
Hann er **gláður**.
Hún er **glöð**.



Hann er í **vöndu skapi**.
Hann er í **fýlu**.
Hún er í **fýlu**.

A



H2.47

Pawel er í vöndu skapi í dag. Lögreglan stoppaði hann í gær þegar hann var að keyra mótorhjól sítt. Hann keyrði of hratt. Núna fær hann háa sekt.



Gummi: Góðan daginn Pawel.

Pawel: Það er ekkert gott við þennan dag!

Gummi: Hvað er að þér? Af hverju ertu í svona vöndu skapi?

Pawel: Æ, ég var tekinn af löggunni í gær fyrir of hraðan akstur.

Gummi: Ekki vera í fýlu út af því! Hættu bara að keyra svona hratt!

Rétt – rangt – kannski?



Pawel er í fýlu í dag.

rétt

rangt

kannski

Pawel keyrði mótorhjól sítt of hægt í gær.

rétt

rangt

kannski

Lögreglan stoppaði Gumma í gær.

rétt

rangt

kannski

Pawel á nýtt mótorhjól.

rétt

rangt

kannski



Hann er **ríkur**.
Hún er **rík**.
Hann er **ánægður**.
Hún er **ánægð**.



Hann er **blankur/fátækur**.
Hún er **blönk/fátæk**.
Hann er **leiður**.
Hún er **leið**.

B



H2.48

Abdel er ánægður og hress í dag. Hann er búinn að kaupa flugmiða til Tyrklands og hann hlakkar til að hitta fjölskyldu sína.



Gunnar: Þú ert ánægður í dag, Abdel!

Abdel: Já, ég keypti flugmiða áðan til Tyrklands.

Gunnar: Oh, ég öfunda þig. Sól og gott veður. Hvenær ferðu?

Abdel: Eftir þrjá (3) mánuði. Þú ert velkominn í heimsókn!

Gunnar: Þakka þér fyrir Abdel. En ég er nú of blankur núna, ekki ríkur eins og þú!

Abdel: Ég er ekkert ríkur! Ég er bara duglegur að safna peningum.

Rétt – rangt – kannski?



Abdel er í vondu skapi í dag.

rétt

rangt

kannski

Abdel keypti flugmiða til Þýskalands.

rétt

rangt

kannski

Abdel er ríkur.

rétt

rangt

kannski

Það er heitt í Tyrklandi.

rétt

rangt

kannski



Yelena er þreytt og pirruð í dag. Dóttir hennar svaf ekki vel í nótt og fór alltaf að gráta þegar Yelena lagði hana í rúmið.



Ring ring!

Yelena: Já, halló.

Irma: Halló Yelena, hvað segir þú gott?

Yelena: Æ, bara ekkert sérstakt.

Irma: Nú, hvað er að?

Yelena: Fyrirgefðu, ég er bara svo þreytt í dag og ég er ekki byrjuð að baka fyrir afmælið á morgun. Ég er heldur ekki búin að þrifa neitt! Og ég gleymdi líka að fara í búð.

Irma: Ekki vera svona stressuð. Ég skal koma og hjálpa þér að taka til og passa barnið.

Yelena: Ertu viss? Hefur þú tíma?

Irma: Já, já, slappaðu bara af. Ekkert mál. Ég kem eftir smástund.

Yelena: Ókei, takk fyrir! Sjáumst.

Rétt – rangt – kannski?



Yelena er hress í dag.

rétt rangt kannski

Vinkona hennar vill hjálpa Yelenu.

rétt rangt kannski

Irma gleymdi að fara í búð.

rétt rangt kannski

Yelena er ekki búin að baka.

rétt rangt kannski



Hann er **ástfanginn**.
Hún er **ástfangin**.



Hann er **afbrýðissamur**.
Hún er **afbrýðissöm**.



Hann er **saddur**.
Hún er **södd**.



Hann er **svangur**.
Hún er **svöng**.

D



H2.50

Lien er í góðu skapi í dag. Hún byrjaði í skólanum í gær og það var mjög gaman. Hún lærði mikið um tölvur og hitti líka myndarlegan strák!



- Karen og Dóra: Hæ Lien.
- Lien: Hæ stelpur.
- Karen: Hvernig var í skólanum í gær?
- Lien: Rosalega gaman! Ég talaði við æðislega sætan strák í tímanum.
- Karen: Ertu ekki í skólanum til að læra um tölvur?
- Lien: Jú, auðvitað. En ég má vera smá skotin í leiðinni!
- Dóra: Hahaha. Viltu koma og borða með okkur?
- Lien: Nei takk, ég er svo södd. Ég borðaði núðlur áðan.
- Karen: Nú, ertu ástfangin! Engin matarlyst!

Rétt – rangt – kannski?



- Lien er ástfangin. rétt rangt kannski
- Lien fannst leiðinlegt í skólanum rétt rangt kannski
- Karen og Dóra eru svangar. rétt rangt kannski
- Lien er ánægð í dag. rétt rangt kannski

	Nútið	Þátið
að borða	Ég borða brauð á morgnana.	Ég borðaði fisk í gær.
að tala	Ég tala við mömmu á hverjum degi.	Ég talaði við pabba í síðustu viku.
að keyra	Ég keyri í vinnuna.	Ég keyrði til Selfoss um síðustu helgi.
að kaupa	Ég kaupi inn á föstudögum.	Ég keypti demant í Belgíu.
að gleyma	Ég gleymi aldrei að læra heima.	Ég gleymdi lyklunum mínum heima!
að sofa	Ég sef oftast vel.	Ég svaf illa í nótt.
að leggja	Ég legg barnið í rúmið.	Ég lagði barnið í rúmið.

2.1 Hvað gerðu þau? Tengdu rétta mynd við rétta setningu



1.  _____ Hann keyrði of hratt í gær.
2.  _____ Hún talaði lengi í símann.
3.  _____ Ó, ég gleymdi símanum heima!
4.  1 Ég borðaði allt of mikið í veislunni í gær.
5.  _____ Hann svaf illa í nótt. Hann er þreyttur.
6.  _____ Hann lagði barnið í rúmið.
7.  _____ Hún keypti í matinn áðan.

2.2 Tölum saman!

- a) Hvað borðaðir þú í morgunmat? *Ég borðaði ...*
- b) Hvernig svafst þú í nótt? *Ég svaf ...*
- c) Hverju gleymdir þú síðast? *Ég gleymdi ...*
- d) Keyrðir þú í skólann? *Já, ég keyrði .../Nei, ég ...*
- e) Talaðir þú í símann í gærkvöldi? *Já, ég talaði .../Nei, ég ...*

2.3 Tengdu andstæð orð

dýrt	fátækur
stressuð	ódýrt
skemmtilegt	kalt
ánægð	róleg
í góðu skapi	svangur
gott	leiðinlegt
saddur	hress
þreytt	í vondu skapi
ríkur	leið
heitt	vont
erfitt	auðvelt

2.4 Skrifaðu rétt orð


- a) Hún er rík.
Hann er _____
- b) Hún er þreytt.
Hann er _____
- c) Hann er stressaður.
Hún er _____
- d) Hann er blankur.
Hún er _____
- e) Hún er ánægð.
Hann er _____



4. Hvað kann ég?



Krossgáta



➔ Lárétt:

- 2 Hann er ekki í góðu skapi, hann er í ...
- 3 Hún er mjög ... og vill borða mikið.
- 4 Hann ... sterkan mat.
- 5 ...bústaður.
- 7 ...stöng.
- 10 Hún elskar að syngja ...
- 14 Hún er í ... skapi.
- 15 Hann keyrði ekki hægt, hann keyrði ...
- 16 Hún er ekki leið, hún er ...

⬇ Lóðrétt:

- 1 Mig langar til ..., ég er þreytt á Íslandi!
- 3 Honum finnst ... að ganga á fjöll.
- 6 Hann er í vondu ...
- 8 Henni finnst ... að ganga á fjöll.
- 9 Henni finnst gaman að fara á ... þegar það er mikill snjór.
- 11 Hún bakaði ... fyrir afmælið.
- 12 Hún er þreytt og ...
- 13 Hún er dugleg að ... peningum.

5. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að spyrja og svara

- Hvað finnst þér skemmtilegt að gera á veturna og sumrin? Á veturna finnst mér ...
 Á sumrin finnst mér ...
- Finnst þér skemmtilegt að elda mat? Já, mér finnst .../Nei, mér ...
- Borðar þú sterkan mat? Já, ég borða .../Nei, ég borða ...
- Ferðu stundum á skíði? Já, ég fer .../Nei, ég fer ...
- Hvað finnst þér spennandi? Mér finnst spennandi að ...
- Hvað finnst þér þreytandi? Mér finnst ...

2. Ég kann að segja frá áhugamálum mínum

- Ég hef áhuga á ...
- Mér finnst skemmtilegt að ...

3. Ég kann að segja hvernig honum eða henni líður

Hann/hún er ...



4. Ég kann **andstæð** orð

dýrt – ódýrt

heitt – kalt

ríkur – fátækur

erfitt – auðvelt

skemmtilegt – leiðinlegt

gott – vont

ánægð – leið

hress – þreytt

5. Hvað **lærði ég fleira** í 5. kafla?

6. Hvað ætla ég **að nota**?

7. Hvað þarf ég **að læra betur**?

Lýsingarorð – eintala

<i>karlkyn (kk)</i> Hann er ...	<i>kvenkyn (kvk)</i> Hún er ...	<i>hvorugkyn (hk)</i> Það er ...
ánægður leiður þreyttur ríkur fátækur rólegur	ánægð leið þreytt rík fátæk róleg	ánægt leitt þreytt ríkt fátækt rólegt
saddur blankur	södd blönk	satt blankt
stressaður pirraður	stressuð pirruð	stressað pirrað
hress	hress	hressst
<i>Hann er hress í dag af því að hann fór snemma að sofa í gær.</i>	<i>Hún er stressuð af því hún fer í próf á morgun.</i>	<i>Barnið er ánægt með afmælisgjöfina.</i>

Ópersónuleg sögn

að dreyma

mig þig hann hana það okkur ykkur þá þær þau	dreymir	um að fara til Ítalíu. um að stofna fyrirtæki. á hverri nóttu! um að byggja sumarbústað. um að fara í frí saman til Asíu.
-------------------------------------------------------------------------	---------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

að hafa +		áhuga á + þágufall (þgf)	
ég	hef	áhuga á íþróttum.	Hefur þú áhuga á útivist?
þú	hefur	áhuga á flottum bílum.	
hann/hún/það	hefur	áhuga á tölvum.	Hafið þið áhuga á handavinnu?
við	höfum	áhuga á ferðalögum.	
þið	hafið	áhuga á matreiðslu.	
þeir/þær/þau	hafa	áhuga á tónlist.	

að hafa tíma	
Hefur þú tíma í dag?	Já, ég hef tíma klukkan þrjú. Nei, ég hef ekki tíma.
Hafið þið tíma til að læra?	Já, við höfum nógan tíma! Nei, við höfum aldrei tíma.

Forsetningar

í	Ég fer stundum í keilu. Hvað ætlar þú að gera í sumar?
á	Ég fer á skíði á veturna. Ég bý á Íslandi. Hann hlustar á tónlist á kvöldin.
með	Hún fer með vinum sínum í sumarbústað. Hann borðar brauð með smjöri.
til	Þau ætla til Póllands í sumar. Hún fer til systur sinnar um helgar.
eftir	Hún fer oft í sund eftir vinnu.
um	Ég vinn stundum um helgar.

Sagnir – nútíð og þátíð

Nútíð	Þátíð
að borða* ¹ – Ég borða brauð á morgnana.	Ég borðaði fisk í gær.
að tala* ¹ – Ég tala við mömmu á hverjum degi.	Ég talaði við pabba í síðustu viku.
að keyra* ² – Ég keyri í vinnuna.	Ég keyrði til Selfoss um síðustu helgi.
að kaupa* ² – Ég kaupi inn á föstudögum.	Ég keypti demant í Belgíu.
að gleyma* ² – Ég gleymi aldrei að læra heima.	Ég gleymdi lyklunum mínum heima!
að sofa* ³ – Ég sef oftast vel.	Ég svaf illa í nótt.
að leggja* ³ – Ég legg mig stundum á daginn. – Hann leggur barnið niður.	Ég lagði mig í klukkutíma í gær. Hann lagði barnið í rúmið.

að borða* ¹ í þátíð	að tala* ¹ í þátíð
ég borðaði	ég talaði
þú borðaðir	þú talaðir
hann/hún/það borðaði	hann/hún/það talaði
við borðuðum	við töluðum
þið borðuðuð	þið töluðuð
þeir/þær/þau borðuðu	þeir/þær/þau töluðu

að læra* ² í þátíð	að gleyma* ² í þátíð	að synda* ² í þátíð
ég lærði	ég gleymdi	ég synti
þú lærðir	þú gleymdir	þú syntir
hann/hún/það lærði	hann/hún/það gleymdi	hann/hún/það synti
við lærðum	við gleymdum	við syntum
þið lærðuð	þið gleymduð	þið syntuð
þeir/þær/þau lærðu	þeir/þær/þau gleymdu	þeir/þær/þau syntu

